



SÁLF3PS05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Þroskasálfræði
Námsáætlun

Vorönn 2026

Kennari:	Erla Brímdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Nemendur kynnast helstu þáttum þroskasálfræðinnar og þroskaferlum einstaklinga frá getnaði og fram á unglingsár. Fjallað er um líkamsþroska vitsmuna-, siðfræði- og tilfinningaþroska. Einnig er vikið að þroskahömlum og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Fjallað er um mismunandi þroskakennningar. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið inn á vandamál barna og unglinga til dæmis geðræn-, tilfinningaleg-, líkamleg-, náms- og hegðunarvandamál.

Undanfari: SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þroska mannsins út frá sálfræðilegum kenningum
- þróun máltöku
- helstu hugtökum og kenningum þroskasálfræðinnar
- framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- miðla sérhæfðri færni með því að beita almennum og sértækum vinnubrögðum, verkfærum og aðferðum
- afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi
- nýta fræðilegan texta á íslensku
- miðla fræðilegu efni skýrt og skilmerkilega í ræðu og riti

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera betur í stakk búinn til að takast á við uppeldi eigin barna
- tileinka sér frekara nám/starf á sviði uppeldismála
- vinna úr rannsóknargögnum og leggja á þau mat
- meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt
- taka þátt í rökræðum um málefni sem tengjast þroskasálfræði

Námsefni:

- *Þroskasálfræði – Lengi býr að fyrstu gerð* eftir Aldísi Unni Guðmundsdóttur.
- Annað efni sem kennari dreifir eða bendir á s.s
 - ljósrit,
 - gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
2- 3	8. – 16. janúar	- Kennsla hefst - Námsáætlun áfangans kynnt Farið yfir efni tveggja fyrstu kaflanna.	Tímaverkefni Bumbubúaverkefni lagt fyrir
4	19. - 23. janúar	- 3. Kafli - Líkamsþroski og kynslóðabreytingar Dreifnám	<u>Tímaverkefni</u> <u>Power-point verkefni</u>
5 - 7	26. janúar - 13. febrúar	- Annað efni frá kennara - 4. kafli – Greind og vitsmunir	<u>Skil á bumbubúaverkefni</u> <u>Podcast-verkefni</u>
8 - 9	16. feb - 27. feb	- 4. kafli - Frh. <u>Miðannarmat lokaskil 20.febrúar.</u> <u>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</u> <u>Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>1. próf</u>
10 - 11	2. mars – 13. mars	- 5. kafli – Nám og námsörðuleikar <u>Áfangamessa 4. mars</u> <u>Valdagur 11. mars</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Hópverkefni</u>
12 - 13	16. mars – 27. mars	- 7. kafli – Félagsmótun og áhrif foreldra <u>Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.</u>	<u>PPT – verkefni</u> <u>Rannsókn-verkefni</u> <u>1. próf</u>

14 -16	30. mars – 17. apríl	- 8. kafli – Geðtengsl og tilfinningar <u>1. – 6. apríl – Páskafri</u>	<u>Tímaverkefni</u> <u>Sambönd-verkefni</u>
17 - 19	17. apríl – 8. maí	- 9. kafli – Geðraskanir barna og unglunga <u>23. apríl Sumardagurinn fyrsti</u>	<u>Heimildaverkefni</u> <u>Lokaverkefni lagt fyrir</u> <u>2. próf</u>
20 - 21	11. maí - 13. maí	- Vinna í lokaverkefni - Síðasti kennsludagur 13. maí	<u>Skráp/Sjúkrapróf</u> <u>Skil á lokaverkefni</u>

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll **2** aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Við alla vinnu skulu nemendur tala við kennara ef þeir ætla að nýta **gervigreind** í verkefnavinnu.

1. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
2. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni sem gervigreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
3. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið.
4. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	2. kaflapróf á önninni	30%
Verkefnamappa	Tímaverkefni, podcast verkefni, hópverkefni í tíma	30%
Verkefni	Rannsóknarverkefni	15%
Verkefni	Heimildaverkefni/ritgerð – skilað á TurnItin	10%
Verkefni	Lokaverkefni	10%
Ástundun	Virkni, mæting og þátttaka	5%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynnt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu. Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.